

SIÐAREGLUR

kjörinna fulltrúa í Borgarbyggð

1. gr.

Markmið.

Markmið þessara reglna er að skilgreina það háttarni og viðmót sem ætlast er til að kjörnir fulltrúar sýni af sér við störf sín fyrir hönd Borgarbyggðar. Með kjörnum fulltrúum er átt við kjörna sveitarstjórnarfulltrúa og aðra sem kjörnir eru til setu í nefndum og ráðum Borgarbyggðar.

2. gr.

Starfsskyldur kjörinna fulltrúa

Kjörnir fulltrúar bera að gegna störfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna Borgarbyggðar. Skulu þeir í störfum sínum fylgja lögum, reglum og samþykktum Borgarbyggðar, sem og sannfæringu sinni. Kjörnir fulltrúar móta stefnu og hafa eftirlit með rekstri sveitarfélagsins.

Kjörnum fulltrúum ber að starfa fyrst og fremst í þágu íbúanna og ber því að setja almannahagsmuni ofar sérhagsmunum, hvort heldur er sínum eigin annarra einstaklinga eða einstakra hópa. Þeim ber að hafa í heiðri ítrustu kröfur um ráðvendni, heiðarleika og réttlæti í störfum sínum í þágu sveitarfélagsins. Eins skulu fulltrúar forðast að hafast nokkuð það sem þeim er talið til vanvirðu eða álitshnekk eða sem varpað getur rýrð á störf þeirra eða Borgarbyggð.

Kjörnir fulltrúar hafa ávallt í heiðri grundvallarreglur góðrar stjórnsýslu í störfum sínum, þ.m.t. gagnsæja og upplýsta ákvarðanatöku, og framkvæma ekkert það sem er til þess fallið að vekja grunsemdir um að annað en lögmæt og málefnaleg sjónarmið ráði för við stjórn Borgarbyggðar. Kjörnir fulltrúar upplýsa íbúa Borgarbyggðar um að framkvæmd starfa sinna og atriði sem skipta málið í rekstri sveitarfélagsins eins og kostur er. Þeir eru ávallt reiðubúnir að axla ábyrgð á störfum sínum.

3. gr.

Valdmörk.

Kjörnir fulltrúar gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt í störfum sínum og virða verkaskiptingu í stjórnkerfi Borgarbyggðar. Þeir sýna störfum og réttindum annarra kjörinna fulltrúa og starfsmanna Borgarbyggðar virðingu.

4. gr.

Hagsmunaárekstrar.

Kjörnir fulltrúar nýta sér ekki stöðu sína í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra sem eru þeim tengdir, hvort sem ávinningur af slíku kemur fram strax eða síðar, þ.m.t. eftir að störfum fyrir Borgarbyggð lýkur.

Kjörnir fulltrúar skulu forðast hagsmunaárekstra í störfum sínum og vekja athygli á því ef hætta er á slíkum árekstrum. Um mat á hæfi þeirra við afgreiðslu einstakra mála og málsmeðferðar fer eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga og hæfisreglum samþykktar um stjórn Borgarbyggðar.



BORGARBYGGÐ

576

5. gr

Ábyrgð á fjármálum

Kjörnum fulltrúum ber að virða fjárhagsáætlun og grundvallarreglur um fjármálastjórnun til að tryggja réttmæta og ábyrga meðferð á almannafé íbúa Borgarbyggðar. Við störf sín skulu kjörnir fulltrúar ekki aðhafast neitt sem getur falið í sér misnotkun á almannafé, s.s. einkanotkun á byggingum sveitarfélagsins, bílum, tækjum eða verkfærum, nema slík notkun falli undir heimildir sem ákveðnar eru af sveitarstjórn. Kjörnir fulltrúar skulu virða stjórnsýslueftirlit og úttektir, sem framkvæmdar eru af endurskoðendum sveitarfélagsins og öðrum til þess völdum aðilum og leggja sitt af mörkum til þess að markmið þess náist.

6. gr.

Gjafir og fríðindi

Kjörnir fulltrúar þiggja ekki greiðslur, gjafir, fríðindi eða önnur hlunnindi frá viðskiptamönnum eða þeim sem leita eftir þjónustu sveitarfélagsins, nema um sé að ræða óverulegar gjafir. Kjörnir fulltrúar þiggja ekki gjafir eða hlunnindi ef líta má á það sem endurgreiðslu fyrir greiða eða sértaka þjónustu.

7. gr.

Trúnaður

Kjörnum fulltrúum ber að virða trúnað um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og gæta ber trúnaðar um. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi. Kjörnum fulltrúum ber jafnframt að virða trúnað um ummæli einstakra fundarmanna á lokuðum fundum í nefndum og ráðum Borgarbyggðar, sem og um innihald skjala eða annarra gagna, sem þeir fá aðgang að vegna starfa sinna og trúnaður skal vera um, enda byggi hann á lögum og málefnalegum rökum.

8. gr.

Að virða hlutverk starfsmanna

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum virða hlutverk starfsmanna Borgarbyggðar. Þeir mega ekki hlutast til um að starfsmenn geri neitt það sem hefur þann tilgang að verða kjörnum fulltrúum á beinan eða óbeinan hátt til hagsmunalegs ávinnings, né heldur aðila nátengdum þeim eða ákveðnum hópum eða fyrirtækjum.

9. gr.

Stöðuveitingar

Kjörnum fulltrúum ber að koma í veg fyrir að einstaklingum sé veitt starf eða stöðuhækkun hjá sveitarfélaginu á öðrum forsendum en hæfni til að rækja starfið og gæta þess, þegar þeir koma sjálfir að ákvörðun um val á starfsmönnum, að hæfasti umsækjandinn hljóti starfið.

10. gr.

Háttvísi í samskiptum

Kjörnir fulltrúar viðhafa uppbyggileg og jákvæð samskipti sín á milli og við starfsmenn og íbúa Borgarbyggðar.



BORGARBYGGÐ

SBK



11.gr.

Miðlun siðareglna til kjörinna fulltrúa, starfsfólks og almennings

Reglur þessar eru settar með vísan til 29. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Kjörnir fulltrúar undirgangast þessar siðareglur með undirskrift sinni og lýsa því þar með yfir að þeir ætli að hafa þær að leiðarljósi. Siðareglurnar skulu vera aðgengilegar starfsfólki sveitarfélagsins, almenningi og fjölmiðlum á heimasíðu Borgarbyggðar og annan þann hátt sem sveitarstjórn ákveður til að þessir aðilar geti gert sér grein fyrir meginreglum þeirra. Í upphafi hvers kjörtímabils skal sveitarstjórn fjalla um siðareglur sveitarstjórnar og eftir atvikum gera á þeim breytingar og staðfesta með undirritun sinni. Siðareglurnar skulu birtar á vef Borgarbyggðar og staðfestar af ráherra sveitarstjórnarmála.

Samþykkt á fundi byggðarráðs Borgarbyggðar 21. mars 2024

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Borgarbyggðar 11. apríl 2024



Stefán Broddi Guðjónsson, sveitarstjóri



BORGARBYGGÐ

